

AUGLÝSING

um loftferðasamning við Bretland.

Samningur milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands um flugþjónustu, sem gerður var í London og Reykjavík 9. og 16. desember 2020, öðlaðist gildi 1. september 2021. Samningnum var samkvæmt samkomulagi beitt til bráðabirgða fram að gildistöku.

Samkvæmt ákvæði 2. mgr. 24. gr. samningsins gengur hann framur eldri samningi milli ríkjanna um flugþjónustu frá 14. júní 1972, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7/1972.

Nýi samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 23. september 2021.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Martin Eyjólfsson.

SAMNINGUR
MILLI RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS OG RÍKISSTJÓRNAR
SAMEINADADA KONUNGRÍKISINS STÓRA-BRETLANDS OG NORÐUR-ÍRLANDS
UM FLUGÞJÓNUSTU

Ríkisstjórn Íslands („Ísland“) og ríkisstjórn Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands („Bretland“), hér á eftir nefndar „samningsaðilar“,

sem eru aðilar að samningnum um alþjóðlegt almenningsflug sem var lagður fram til undirritunar í Chicago 7. desember 1944,

sem hafa hug á að gera viðbótarsamning við fyrrnefndan samning í því skyni að koma á flugþjónustu milli yfirráðasvæða hvorrar um sig og áfram frá þeim,

hafa samþykkt eftirfarandi:

1. gr.

Skilgreiningar.

Í þessum samningi hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér segir nema annað leiði af samhengi:

- a) „flugmálayfirvöld“ merkir, í tilviki Bretlands, ráðherra samgöngumála (Secretary of State for Transport) og, að því er varðar 7. gr. (Verð) þessa samnings flugmálayfirvöld á sviði almenningsflugs og, í tilviki Íslands, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið eða, í báðum tilvikum, hver sá aðili eða stofnun sem hefur heimild til þess að inna af hendi störf sem eru falin fyrrnefndu yfirvaldi eða sambærileg störf,
- b) „þessi samningur“ tekur til viðaukans við hann og hvers kyns breytinga á honum eða þessum samningi,
- c) „flugrekandaskírteini“ merkir skjal sem gefið er út til handa flugrekanda sem staðfestir að viðkomandi flugrekandi búi yfir faglegru getu og skipulagi til að tryggja örugga starfrækslu loftfars í þeirri flugstarfsemi sem er tilgreind á skírteininu,
- d) „alþjóðleg flugþjónusta“, „flugrekandi“ og „viðkoma án viðskipta“ hafa þá merkingu, eftir því sem við á, sem tilgreind er í 96. gr. Chicago-samningsins,
- e) „flugrekandi með tilskilin leyfi“ merkir flugrekandi sem hefur fengið leyfi í samræmi við 4. gr. (Leyfi) þessa samnings,
- f) „Chicago-samningur“ merkir samningur um alþjóðlegt almenningsflug sem var lagður fram til undirritunar í Chicago 7. desember 1944 og felur í sér: i. breytingar á honum sem báðir samningsaðilar hafa fullgilt og ii. hvern viðauka eða breytingu á honum sem er samþykktur eða samþykkt skv. 90. gr. samningsins, að því leyti sem slík breyting eða viðauki gilda gagnvart báðum samningsaðilum á hverjum tíma,
- g) „aðildarríki ESB“ merkir ríki sem á nú þegar eða mun eiga aðild að sáttmálanum um starfs-hætti Evrópusambandsins,
- h) „Alþjóðaflugmálastofnunin“ merkir International Civil Aviation Organization (ICAO),
- i) „verð“ merkir verð sem ber að greiða fyrir flutning farþega, farangurs og farms og þau skilyrði sem gilda um það verð, m.a. verð og skilyrði vegna umboðsaðila og annarrar aukþjónustu, að frátöldu endurgjaldi og skilyrðum vegna pósthlutninga,
- j) „yfirráðasvæði“ hefur með tilliti til ríkis þá merkingu sem því er gefin í 2. gr. Chicago-samningsins,
- k) „notendagjöld“ merkir gjöld sem lögbæra yfirvaldið tekur eða heimilar að séu tekin af flugrekendum fyrir að láta þeim í té afnot af eignum eða aðstöðu á flugvelli eða afnot af flugleiðsögubúnaði (þ.m.t. aðstaða vegna yfirflugs) eða tengdri þjónustu og aðstöðu fyrir loftför, áhafnir þeirra, farþega og farm,
- l) hugtökin „samþykkt þjónusta“ og „tilgreindar leiðir“ hafa þá merkingu sem þeim eru gefin í 2. mgr. 3. gr. þessa samnings og

- m) „EES-samningurinn“ merkir samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið sem var undirritaður í Oporto 1992, ásamt síðari lagfæringum og breytingum, og bókanir og viðaukar við hann.

2. gr.

Gildissvið Chicago-samningsins.

Ákvæði þessa samnings eru með fyrirvara um ákvæði Chicago-samningsins að því marki sem þau ákvæði gilda um alþjóðlega flugþjónustu.

3. gr.

Veiting réttinda.

1. Hvor samningsaðili um sig veitir hinum samningsaðilanum eftirtalin réttindi með tilliti til alþjóðlegrar flugþjónustu hans:
 - a) réttindi til að fljúga yfir yfirráðasvæði hans án þess að lenda,
 - b) réttindi til að hafa viðkomu á yfirráðasvæði sínu án viðskipta.
2. Hvor samningsaðili um sig veitir hinum samningsaðilanum réttindi, sem tilgreind eru í samningi þessum, til að stunda alþjóðlega flugþjónustu á þeim leiðum sem tilgreindar eru í viðeigandi hluta viðaukans við þennan samning. Fyrirnefnd flugþjónusta og leiðir eru hér eftir nefndar „samþykkt flugþjónusta“ og „tilgreindar leiðir“. Flugrekandi eða flugrekendur hvors samningsaðila um sig með tilskilin leyfi skulu njóta, meðan hann eða þeir halda uppi samþykktri flugþjónustu á tilgreindri leið, auk þeirra réttinda sem tilgreind eru í 1. mgr. þessarar greinar, þeirra réttinda að hafa viðkomu á yfirráðasvæði hins samningsaðilans á stöðum sem tilgreindir eru á viðkomandi leið í viðaukanum við þennan samning, í þeim tilgangi að taka um borð og setja af farþega og farm, þ.m.t. póst.
3. Ekkert í 2. mgr. þessarar greinar telst veita flugrekendum annars samningsaðilans með tilskilin leyfi þann rétt að taka með, á yfirráðasvæði hins samningsaðilans, farþega og farm, þ.m.t. póst, gegn þóknun eða leigugjaldi til annars staðar á yfirráðasvæði hins samningsaðilans.
4. Geti flugrekandi annars samningsaðilans með tilskilin leyfi ekki stundað samþykktu þjónustu á hefðbundnum leiðum sínum sakir vopnaðra átaka, óróa eða framvindu af pólitískum toga eða sérstakra og óvenjulegra aðstæðna skal hinn samningsaðilinn kappkosta að auðvelda áframhaldandi rekstur slíkrar þjónustu með því að endurskipuleggja til bráðabirgða leiðir með viðeigandi hætti.

4. gr.

Leyfi.

1. Hvor samningsaðili um sig skal hafa rétt til að tilnefna flugrekendur til þess að starfrækja samþykktu þjónustu á hverri þeirra leiða sem eru tilgreindar og til að draga slíkar tilnefningar til baka eða breyta þeim. Slíka tilnefningu skal senda hinum samningsaðilanum skriflega.
2. Hinn samningsaðilinn skal, þegar hann tekur við slíkri tilnefningu og umsóknum frá viðkomandi flugrekanda í þeirri mynd og með þeim hætti sem mælt er fyrir um vegna rekstrarleyfa og tækni-leyfa, veita viðeigandi leyfi og heimildir án tafar, að því tilskildu:
 - a) í tilviki flugrekanda sem Bretland hefur tilnefnt:
 - i. að hann hafi staðfestu á yfirráðasvæði Bretlands og hafi leyfi samkvæmt gildandi lögum Bretlands og
 - ii. að virkt opinbert eftirlit með flugrekandanum sé framkvæmt og því viðhaldið af hálfu ríkis sem annast útgáfu flugrekandaskírteinis hans og að viðkomandi flugmálayfirvöld séu tilgreind með skýrum hætti í tilnefningunni og
 - iii. að hann sé í eigu, með beinum hætti eða í meirihlutaeigu, og lúti virkum yfirráðum Bretlands og/eða aðildarríkja ESB og/eða ríkja sem eiga aðild að Fríverslunarsamtökum Evrópu, EFTA, og/eða ríkisborgara þessara ríkja og
 - b) í tilviki flugrekanda sem Ísland hefur tilnefnt:

- i. að hann hafi staðfestu á íslensku yferráðasvæði í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og hafi gilt rekstrarleyfi í samræmi við landslög sem eru sett í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og
 - ii. að virkt opinbert eftirlit með flugrekandanum sé framkvæmt og því viðhaldið af hálfu ríkis sem á aðild að Evrópska efnahagssvæðinu sem annast útgáfu flugrekandaskírteinis hans og að viðkomandi flugmálayfirvöld séu tilgreind með skýrum hætti í tilnefningunni og
 - iii. að hann sé í eigu, með beinum hætti eða í meirihlutaeigu, eða lúti virkum yferráðum ríkja sem eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu og/eða ríkisborgara aðildarríkja að Evrópska efnahagssvæðinu og
 - c) að tilnefndur flugrekandi sé hæfur til að uppfylla skilyrði sem lög og reglur mæla fyrir um og samningsaðilinn, sem fjallar um umsóknina eða umsóknirnar, beitir að jafnaði viðvíkjandi rekstri alþjóðlegrar flugþjónustu.
3. Þegar flugrekandi hefur fengið tilskilin leyfi með þessum hætti er honum heimilt að hefja rekstur samþykkrar þjónustu, að því tilskildu að hann uppfylli viðeigandi ákvæði þessa samnings.

5. gr.

Afturköllun eða tímabundin niðurfelling rekstrarleyfa.

1. Samningsaðila er heimilt að afturkalla, fella niður tímabundið eða takmarka rekstrarleyfi eða tæknileyfi flugrekanda sem hinn samningsaðilinn hefur tilnefnt:
- a) ef, í tilviki flugrekanda sem Bretland hefur tilnefnt:
 - i. hann hefur ekki staðfestu á yferráðasvæði Bretlands eða hefur ekki rekstrarleyfi samkvæmt gildandi lögum í Bretlandi eða
 - ii. það ríki sem annast útgáfu flugrekandaskírteinis hans framkvæmir ekki eða viðheldur virku opinberu eftirliti með flugrekandanum eða
 - iii. hann er ekki í eigu, með beinum hætti eða í meirihlutaeigu, eða lýtur ekki virkum yferráðum Bretlands og/eða aðildarríkja ESB og/eða ríkja sem eiga aðild að Friverslunarsamtökum Evrópu og/eða ríkisborgara þessara ríkja,
 - b) ef, í tilviki flugrekanda sem Ísland hefur tilnefnt:
 - i. hann hefur ekki staðfestu á íslensku yferráðasvæði í samræmi við EES-samninginn eða hefur ekki gilt rekstrarleyfi í samræmi við landslög sem eru sett í samræmi við EES-samninginn eða
 - ii. virkt opinbert eftirlit með flugrekandanum er ekki framkvæmt eða því ekki viðhaldið af hálfu aðildarríkis að Evrópska efnahagssvæðinu sem annast útgáfu flugrekandaskírteinis hans eða viðkomandi flugmálayfirvald er ekki tilgreint með skýrum hætti í tilnefningunni eða
 - iii. hann er ekki í eigu, með beinum hætti eða í meirihlutaeigu, eða lýtur ekki virkum yferráðum aðildarríkis að Evrópska efnahagssvæðinu og/eða ríkisborgara aðildarríkja að Evrópska efnahagssvæðinu eða
 - c) í þeim tilvikum þegar flugrekandinn fer ekki að lögum og reglum sem samningsaðilinn, sem veitir þessi réttindi, beitir að jafnaði og með sanngjörnum hætti eða
 - d) ef flugrekandinn stundar ekki með öðrum hætti rekstur sinn í samræmi við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í þessum samningi eða
 - e) þegar samningsaðili hefur ákvarðað (ef samráð skv. 9. mgr. 6. gr. (Sanngjörn samkeppni) hefur ekki leitt til fullnægjandi niðurstöðu) að ákvæðum 6. gr. (Sanngjörn samkeppni) þessa samnings hafi ekki verið fylgt eða
 - f) ef samningsaðili hefur ákvarðað að hinn samningsaðilinn eða flugrekandi hafi ekki fylgt ákvæðum 9. gr. (Flugöryggi) þessa samnings eða
 - g) ef samningsaðili ákvarðar að réttlæta megi slíka aðgerð í ljósi víðtækari verndarsjónarmiða eða
 - h) í því tilviki þegar hinn samningsaðilinn lætur hjá líða að grípa til viðeigandi aðgerða til að bæta öryggi í samræmi við 2. mgr. 10. gr. (Öryggi) þessa samnings eða
 - i) í samræmi við 6. mgr. 10. gr. (Öryggi) þessa samnings.

2. Ef tafarlaus afturköllun, tímabundin niðurfelling eða ákvörðun þeirra skilyrða sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar er ekki frumskilyrði þess að koma í veg fyrir frekari brot á lögum eða reglum skal aðeins nýta slíkan rétt að undangengnu samráði við hinn samningsaðilann.
3. Samningsaðili, sem nýtir sér réttindi skv. 1. mgr. þessarar greinar, skal tilkynna hinum samningsaðilanum skriflega eins fljótt og verða má um ástæður fyrir synjun, tímabundinni niðurfellingu eða takmörkun á rekstrarleyfi eða tæknileyfi.
4. Þegar samningsaðilarnir nýta sér réttindi skv. 1. mgr. þessarar greinar skulu þeir ekki mismuna flugrekendum á grundvelli ríkisfangs.
5. Þessi grein takmarkar ekki rétt samningsaðila til þess að afturkalla, fella tímabundið niður eða takmarka rekstrarleyfi eða tæknileyfi flugrekanda hins samningsaðilans í samræmi við ákvæði 9. gr. (Flugvernd) þessa samnings.

6. gr.

Sanngjörn samkeppni.

1. Flugrekendur beggja samningsaðila með tilskilin leyfi skulu hafa sanngjörn og jöfn tækifæri til að keppa um að starfrækja samþykktu þjónustu á tilgreindum leiðum.
2. Hvor samningsaðili um sig skal leyfa hverjum flugrekanda með tilskilin leyfi að ákvarða þá ferðatíðni og flutningsgetu í alþjóðlegri flugþjónustu sem hann býður fram í samræmi við samþykktu þjónustu á tilgreindum leiðum. Hvorugur samningsaðilanna skal, að teknu tilliti til þessa réttar, takmarka einhliða umferð, ferðatíðni eða hversu reglubundin þjónustan er eða hvaða gerð eða gerðir loftfara flugrekendur hins samningsaðilans með tilskilin leyfi starfrækja nema að því marki sem kann að verða krafist af ástæðum er varða tollafgreiðslu, tæknileg atriði, rekstur eða umhverfisvernd samkvæmt samhljóða skilyrðum sem eru í samræmi við 15. gr. Chicago-samningsins.
3. Hvorugur samningsaðilanna skal gera kröfur á hendur flugrekendum hins samningsaðilans með tilskilin leyfi um fyrsta höfnunarrétt, lyftihlutfall, þægðarfé eða aðrar kröfur sem varða flutningsgetu, ferðatíðni eða flutning og myndu brjóta í bága við markmið þessa samnings.
4. Hvorugur samningsaðilanna getur gert kröfu um að flugrekendur hins samningsaðilans leggi inn áætlanir eða rekstraráætlanir til samþykkis nema slíks sé krafist án mismununar til þess að uppfylla þau samhljóða skilyrði sem eru fyrirséð skv. 2. mgr. þessarar greinar. Ef samningsaðili gerir kröfu um innlagningu í upplýsingaskyni skal hann halda í lágmarki stjórnsýslubyrði á milli-liði í flugþjónustu og á flugrekendur hins samningsaðilans vegna innlagningarkrafna og -verklags.
5. Hvorugur samningsaðilanna skal leyfa flugrekanda eða flugrekendum sínum með tilskilin leyfi, annaðhvort ásamt öðrum flugrekanda eða flugrekendum eða án annarra, að misnota markaðsstyrk með þeim hætti að það hafi eða sé líklegt til að hafa eða eigi að hafa þau áhrif að veikja alvarlega stöðu samkeppnisaðila á tiltekinni leið eða útiloka samkeppnisaðila frá henni.
6. Hvorugur samningsaðilinn skal láta í té eða heimila ríkisstyrki eða -stuðning til handa flugrekanda eða flugrekendum sínum með tilskilin leyfi með þeim hætti að það hafi neikvæð áhrif á sanngjörn og jöfn tækifæri flugrekanda hins samningsaðilans til að keppa um veitingu alþjóðlegrar flugþjónustu.
7. Með ríkisstyrk eða -stuðningi er átt við stuðning sem ríkið, eða opinber aðili eða einkaaðili sem ríkið tilnefni eða ræður yfir, lætur í té á grundvelli mismununar með beinum eða óbeinum hætti í þágu flugrekanda með tilskilin leyfi. Án takmarkana getur þetta vísað til þess að jafna rekstrar-tap, láta í té fjármagn, veita óafturkræfa styrki eða lán með sérstökum skilmálum, veita fjárhagslegan ávinning með því að sleppa hagnaði eða endurheimt fjárhæða til greiðslu, sleppa eðlilegum ágóða af opinberum fjármunum sem eru notaðir, skattaundanþága, bóta vegna fjárhagslegra byrða sem opinber yfirvöld leggja á eða ósanngjarns aðgangs að flugaðstöðu, eldsneyti eða annarri aðstöðu sem er nauðsynleg vegna eðlilegs reksturs flugþjónustu.
8. Þegar samningsaðili lætur flugrekanda með tilskilin leyfi í té ríkisstyrk eða -stuðning vegna þjónustu sem er rekin samkvæmt þessum samningi skal hann krefjast þess að flugrekandinn geri grein fyrir styrknum eða stuðningnum sérstaklega og með skýrum hætti í bókhaldi sínu.
9. Ef samningsaðili telur að flugrekendur hans með tilskilin leyfi hafi sætt óréttlátri eða ósanngjarnri meðferð eða að styrkir eða að stuðningur, sem hinn samningsaðilinn íhugar að veita eða veitir

flugrekendum sínum, hafi eða myndi hafa neikvæð áhrif á sanngjörn og jöfn tækifæri flugrekenda hans til að keppa um veitingu alþjóðlegrar flugþjónustu getur hann farið fram á samráð og gert hinum samningsaðilum grein fyrir því hvaða ástæður liggja að baki óánægju hans. Halda skal samráðið innan 30 daga frá viðtöku beiðni þar um nema samningsaðilarnir komi sér saman um annað.

7. gr.

Verð.

1. Hvor samningsaðili um sig skal heimila hverjum flugrekanda með tilskilin leyfi frjálssa verðlagningu alþjóðlegrar flugþjónustu á grundvelli frjálstrar samkeppni. Hvorugur samningsaðilanna skal krefjast þess að flugrekendur hans hafi samráð við aðra flugrekendur um það verð sem þeir setja upp eða hyggjast innheimta vegna þjónustu samkvæmt þessum samningi.
2. Samningsaðilarnir skulu ekki krefjast þess að verð verði send eða tilkynnt til flugmálayfirvalda.

8. gr.

Tollar og gjöld.

1. Hvor samningsaðili um sig skal undanþiggja, með gagnkvæmum hætti og að því marki sem landslög hans heimila, tilnefndan flugrekanda hins samningsaðilans tollum, vörugjöldum, skoðunargjöldum og öðrum innlendum tollum og gjöldum, sem lögð eru á loftför, eldsneyti, smurólíur, einnota tæknibirgðir, varahluti, þ.m.t. hreyfla, venjulegan búnað loftfars, aðföng loftfars (þ.m.t. en þó ekki eingöngu matur, drykkir og áfengi, tóbak og aðrar vörur til sölu eða sem nota á einvörðungu í tengslum við starfrækslu loftfars eða þjónustu við það) og aðra hluti, t.d. birgðir prentaðra farseðla, farmbréf, prentað efni, sem ber áprentað merki viðkomandi félags, og venjulegt kynningarefni, sem tilnefndur flugrekandi dreifir án endurgjalds, sem nota á eða einungis eru notuð í tengslum við starfrækslu loftfars eða þjónustu við loftfar tilnefnds flugrekanda fyrrnefnds hins samningsaðila sem rekur samþykka þjónustu.
2. Undanþágurnar, sem eru veittar samkvæmt þessari grein, gilda um þá hluti sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar:
 - a) sem tilnefndur flugrekandi hins samningsaðilans kemur með, eða komið er með fyrir hans hönd, inn á yferráðasvæði samningsaðilans,
 - b) sem geymdir eru um borð í loftfari tilnefnds flugrekanda annars samningsaðilans þegar það kemur inn á eða fer frá yferráðasvæði hins samningsaðilans eða
 - c) sem fluttir eru um borð í loftfar tilnefnds flugrekanda annars samningsaðilans á yferráðasvæði hins samningsaðilans og ætlaðir eru til notkunar í rekstri samþykktu þjónustunnar, hvort sem slíkir hlutir eru notaðir eða þeirra neytt í heild sinni eða ekki innan yferráðasvæðis samningsaðilans, sem veitir undanþáguna, að því tilskildu að slíkir hlutir skipti ekki um eigendur á yferráðasvæði fyrrnefnds samningsaðila.
3. Aðeins er heimilt að afferma venjulegan búnað loftfars, ásamt því efni og birgðum sem venjulega eru um borð í loftfari tilnefnds flugrekanda annars hvors samningsaðilanna, á yferráðasvæði hins samningsaðilans með samþykki tolyfyrvalda á því yferráðasvæði. Í því tilviki má færa þau undir eftirlit fyrrnefndra yfirvalda þar til þau eru flutt úr landi á ný eða þeim ráðstafað með öðrum hætti í samræmi við tollareglur.
4. Þær undanþágur sem kveðið er á um í þessari grein gilda einnig þegar tilnefndur flugrekandi annars samningsaðilans hefur gert samkomulag við aðra flugrekendur um lán eða flutning á yferráðasvæði hins samningsaðilans á þeim hlutum sem tilgreindir eru í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, enda njóti aðrir flugrekendur slíkra undanþága frá hinum samningsaðilanum með svipuðum hætti.
5. Ekkert í samningi þessum skal koma í veg fyrir að samningsaðili leggi á, án mismununar, skatta, álögur, tolla, greiðslur eða gjöld á eldsneyti sem er afhent á yferráðasvæði hans til nota í loftfari flugrekanda sem stundar flugrekstur milli tveggja staða á yferráðasvæði hans.

9. gr.

Flugvernd.

1. Samningsaðilarnir áréttu, í samræmi við réttindi sín og skyldur samkvæmt alþjóðalögum, að gagnkvæm skylda þeirra til að vernda almenningsflug gegn ólögmati athæfi sé órjúfanlegur þáttur þessa samnings. Samningsaðilarnir skulu einkum, án þess að takmarka almenn réttindi sín og skyldur samkvæmt alþjóðalögum, bregðast við í samræmi við ákvæði samningsins um lögbrot og aðra verknaði í loftförum, sem var undirritaður í Tókýó 14. september 1963, ákvæði samningsins um að koma í veg fyrir ólöglega töku loftfara, sem var undirritaður í Haag 16. desember 1970, ákvæði samningsins um að koma í veg fyrir ólögmatar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna, sem var undirritaður í Montreal 23. september 1971, ákvæði Montreal-viðbótarbókunarinnar til að koma í veg fyrir ofbeldisverk í flughöfnum fyrir almenna alþjóðlega flugumferð, sem var undirrituð í Montreal 24. febrúar 1988, ákvæði samningsins um merkingu plastsprengiefna til að unnt sé að bera kennsl á þau, sem var undirritaður í Montreal 1. mars 1991, og aðra samninga um flugvernd sem samningsaðilar eru bundnir af.
2. Samningsaðilarnir skulu, að fenginni beiðni þar um, veita hvor öðrum alla þá aðstoð sem nauðsynleg er til að koma í veg fyrir ólöglega töku almenningsloftfara og aðrar aðgerðir sem teljast ólögmat athæfi og er beint gegn öryggi slíkra loftfara, farþega þeirra og áhafna, flugvalla og flugleiðsögubúnaðar og takast á við sérhverja aðra ógn við flugvernd í almenningsflugi.
3. Þegar hætta er á ólöglegri töku almenningsloftfara eða öðrum aðgerðum sem eru ólögmat athæfi og er beint gegn öryggi slíkra loftfara, farþega þeirra og áhafna, flugvalla eða flugleiðsögubúnaðar, eða þegar slíkt á sér stað, skulu samningsaðilarnir aðstoða hvor annan með því að greiða fyrir samskiptum og öðrum viðeigandi ráðstöfunum til að binda enda á slíka atburði eða hættu á slíkum atburðum á skjótan og öruggan hátt.
4. Hvor samningsaðili um sig skal gera þær ráðstafanir sem hann kann að telja raunhæfar til þess að tryggja að loftfari hins samningsaðilans, sem er andlag ólöglegrar töku eða annarra ólögmatra aðgerða og hefur lent á yferráðasvæði hans, sé haldið á jörðu niðri nema brottför þess sé nauðsynleg sakir þeirrar forgangsskyldu að vernda mannlíf. Ætíð þegar slíkt er framkvæmanlegt skulu fyrrnefndar ráðstafanir gerðar á grundvelli gagnkvæms samráðs.
5. Samningsaðilarnir skulu, í gagnkvæmum samskiptum sínum, haga athöfnum sínum í samræmi við flugverndarákvæði sem Alþjóðaflugmálastofnunin hefur innleitt og eru tilgreind sem viðaukar við Chicago-samninginn, að svo miklu leyti sem slík verndarákvæði eiga við um samningsaðilana. Hvor samningsaðili um sig skal krefjast þess að flugrekendur hans og rekstraraðilar flugvalla á yferráðasvæði hans hagi athöfnum sínum í samræmi við slík flugverndarákvæði.
6. Hvor samningsaðili um sig samþykkir að gera þá kröfu til flugrekenda sinna að þeir virði þau flugverndarákvæði sem um getur í 5. mgr. þessarar greinar eins og hinn samningsaðilinn gerir kröfu um vegna komu inn á yferráðasvæði hans. Við brottför eða veru á yferráðasvæði hins samningsaðilans er gerð sú krafa að flugrekendur virði flugverndarákvæði í samræmi við gildandi lög þess samningsaðila. Hvor samningsaðili um sig skal tryggja að fullnægjandi verndarráðstöfunum sé beitt með skilvirkum hætti á yferráðasvæði hans til að vernda loftfarið og skoða gaumgæfilega farþega, áhafnir, handfarangur, farangur, farm og aðföng loftfars áður en og um leið og farið er um borð eða hleðsla fer fram, og að verndarráðstafanir séu aðlagðar til að takast á við vaxandi ógn við flugvernd í almenningsflugi, eftir því sem við á. Hvor samningsaðili um sig samþykkir að virða verði þau verndarákvæði sem hinn samningsaðilinn gerir kröfu um við brottför frá eða veru á yferráðasvæði sínu. Hvor samningsaðili um sig skal einnig taka til vinsamlegrar athugunar allar óskir hins samningsaðilans um réttmætar og sérstakar verndarráðstafanir til þess að mæta tiltekinni ógn.
7. Hvor samningsaðili um sig skal hafa til reiðu fyrir hinn samningsaðilann, að fenginni beiðni hans, niðurstöður úr úttektum á vegum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og aðgerðir til úrbóta af hálfu þess ríkis þar sem úttektin fer fram, með fyrirvara um gagnkvæmt samkomulag um viðeigandi fyrirkomulag til að tryggja miðlun, notkun, geymslu og eyðingu slíkra upplýsinga.
8. Hvor samningsaðili um sig skal einnig taka til velviljaðrar athugunar beiðni frá hinum samningsaðilanum um að koma á gagnkvæmri stjórnsýslutilhögum þar sem flugmálayfirvöld samningsaðila

- geta framkvæmt eigið mat á verndarráðstöfunum á yfirráðasvæði hins samningsaðilans í tengslum við flug á leið inn á yfirráðasvæði þess samningsaðila sem lagði beiðnina fram.
9. Með fullu tilliti til og gagnkvæmri virðingu samningsaðila fyrir fullveldi hvors annars getur samningsaðili samþykkt verndarráðstafanir vegna komu inn á yfirráðasvæði hans. Sá samningsaðili skal, þegar unnt er, hafa hliðsjón af þeim verndarráðstöfunum sem hinn samningsaðilinn hefur þegar gert og þeim sjónarmiðun sem hinn samningsaðilinn kann að setja fram. Hvor samningsaðili um sig viðurkennir þó að ekkert í þessari grein takmarkar rétt samningsaðila til að synja komu flugs inn á yfirráðasvæði hans sem hann telur að muni ógna öryggi landsins.
 10. Samningsaðili getur gripið til neyðarráðstafana til að mæta tiltekinni öryggisógn. Tilkynna skal hinum samningsaðilum um slíkar ráðstafanir án tafar.
 11. Með fyrirvara um nauðsyn þess að grípa án tafar til aðgerða til þess að vernda samgönguöryggi áréttu samningsaðilarnir að þegar verið er að skoða verndarráðstafanir skuli samningsaðili meta möguleg neikvæð áhrif á alþjóðlega flugþjónustu og skal, nema lög takmarki slíkt, líta til þessara þátta þegar hann ákveður hvaða ráðstafanir teljast nauðsynlegar og viðeigandi til að takast á við þessi verndarsjónarmið.
 12. Hvor samningsaðili um sig getur hvenær sem er farið fram á samráð um verndarviðmiðanir sem hinn samningsaðilinn hefur samþykkt. Samráð þetta skal fara fram innan 30 daga frá því að fyrrnefnd beiðni er lögð fram. Hafi samningsaðili gildar ástæður til að ætla að hinn samningsaðilinn hafi vikið frá ákvæðum þessarar greinar getur fyrrnefndur samningsaðili óskað eftir því að fram fari samráð við flugmálayfirvöld hins samningsaðilans þegar í stað. Ef ekki næst viðunandi niðurstaða innan 15 daga frá því að slík beiðni er lögð fram skal það teljast næg ástæða til að afturkalla, fella niður tímabundið eða takmarka rekstrarleyfi og tæknileyfi flugrekanda eða flugrekanda hins samningsaðilans. Ef neyðarástand skapast getur samningsaðili gripið til bráðabirgðaaðgerða áður en 15 dagar eru liðnir. Jafnhliða því að hinn samningsaðilinn uppfyllir verndarákvæði þessarar greinar skal öllum aðgerðum, sem gripið er til í samræmi við þessa málsgrein, hætt.

10. gr.

Flugöryggi.

1. Hvor samningsaðili um sig getur hvenær sem er farið fram á samráð um öryggisviðmiðanir á hverju því sviði sem varðar áhafnir og loftför eða starfrækslu þeirra sem hinn samningsaðilinn hefur samþykkt. Samráð þetta skal fara fram innan 30 daga frá því að fyrrnefnd beiðni er lögð fram.
2. Ef annar samningsaðilinn kemst að þeirri niðurstöðu, eftir slíkt samráð, að hinn samningsaðilinn fylgi ekki og beiti öryggisviðmiðunum með skilvirkum hætti á fyrrnefndum sviðum, sem jafngilda a.m.k. þeim lágmarksviðmiðunum sem þá var komið á samkvæmt Chicago-samningnum, skal fyrrnefndi samningsaðilinn tilkynna hinum samningsaðilanum um þá niðurstöðu og til hvaða ráðstafana nauðsynlegt er talið að grípa til að uppfylla fyrrnefndar viðmiðanir og skal þá hinn samningsaðilinn gera viðeigandi ráðstafanir þessu til leiðréttingar. Ef hinn samningsaðilinn grípur ekki til viðeigandi aðgerða innan 15 daga eða lengri frests, sem kann að verða samþykktur, skal það teljast næg ástæða til að beita h-lið 1. gr. (Afturköllun eða tímabundin niðurfelling rekstrarleyfa) þessa samnings.
3. Með fyrirvara um þær skuldbindingar, sem um getur í 16. og 33. gr. Chicago-samningsins, er samþykkt að framkvæma megi skoðun (vísad er til „skoðunar á hlaði“ í þessari grein) á hverju því loftfari, sem flugrekandi eða flugrekendur samningsaðila starfrækja eða er starfrækt samkvæmt leigusamkomulagi á hans eða þeirra vegum og er í förum til eða frá yfirráðasvæði hins samningsaðilans, meðan það er á yfirráðasvæði hins samningsaðilans, og að viðurkenndir fulltrúar hins samningsaðilans megi annast framkvæmd hennar um borð og umhverfis loftfarið í því skyni að kanna bæði gildi skjala loftfarsins og áhafnar þess og sýnilegt ástand loftfarsins og búnaðar þess, að því tilskildu skoðunin valdi ekki óeðlilegum töfum.
4. Gefi slík skoðun á hlaði eða röð skoðana á hlaði tilefni til:
 - a) alvarlegra áhyggna yfir því að loftfar eða starfræksla loftfars uppfylli ekki þær lágmarksviðmiðanir sem settar eru fram á þeim tíma samkvæmt Chicago-samningnum eða

- b) alvarlegra áhyggna yfir því að skilvirku viðhaldi og öryggisviðmiðunum, sem settar eru fram á þeim tíma samkvæmt Chicago-samningnum, sé ekki sinnt sem skyldi, skal samningsaðilanum sem framkvæmir skoðunina, að því er varðar 33. gr. Chicago-samningsins, vera frjálst að álykta að þær kröfur, sem voru forsendur fyrir útgáfu eða staðfestingu á gildi vottorða, skírteina eða leyfa vegna fyrrnefnds loftfars eða áhafnar þess, eða að þær kröfur, sem eru forsendur fyrir starfrækslu fyrrnefnds loftfars, jafngildi ekki þeim lágmarksviðmiðunum sem gilda samkvæmt Chicago-samningnum eða gangi ekki lengra en þær.
5. Í því tilviki að fulltrúi flugrekanda eða flugrekenda samningsaðila synjar um aðgang til þess að framkvæma skoðun loftfars á hlaði, í samræmi við 3. mgr. hér að framan, sem flugrekandinn eða flugrekendurnir starfrækja, skal hinum samningsaðilanum vera frjálst að láta í ljósi alvarlegar áhyggjur af því tagi sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar og komast að þeirri niðurstöðu sem um getur í þeirri málsgrein.
6. Hvor samningsaðili um sig áskilur sér rétt til að fella tímabundið niður eða breyta rekstrarleyfi flugrekanda eða flugrekenda hins samningsaðilans tafarlaust dragi fyrstnefndi samningsaðilinn þá ályktun, hvort sem er vegna niðurstöðu skoðunar á hlaði, raðar skoðana á hlaði, synjunar um aðgang vegna skoðunar á hlaði, samráðs eða annars, að nauðsynlegt sé að grípa til tafarlausra aðgerða til að tryggja vernd í flugrekstri.
7. Aðgerð, sem samningsaðili grípur til í samræmi við 2. eða 6. mgr. þessarar greinar, skal hætt um leið og forsendur fyrir henni eru ekki lengur til staðar.

11. gr.

Sameiginleg flugnúmer.

Flugrekandi eða flugrekendur með tilskilin leyfi geta tekið upp, með fyrirvara um viðeigandi lög og reglur á sviði samkeppni, fyrirkomulag við sameiginleg flugnúmer með öðrum flugrekanda eða flugrekendum, að því tilskildu að:

- a) hvert flug, sem er hluti af þjónustu sem fellur undir fyrirkomulagið, sé á vegum flugrekanda sem hefur rétt til að starfrækja flugið og
- b) að því er hvern seldan farmiða varðar, að kaupandinn fái við söluna upplýsingar um hvaða flugrekandi reki hvern hluta þjónustunnar.

12. gr.

Leiga.

1. Flugrekendur samningsaðilanna með tilskilin leyfi skulu hafa rétt til að starfrækja samþykktu þjónustuna á tilgreindu leiðunum með því að nota loftfar (eða loftfar og áhöfn) sem er leigt af félagi, þ.m.t. öðrum flugrekendum, með fyrirvara um að þeir hafi fengið leyfi flugmálayfirvalda í ríkjum beggja samningsaðila til að nota loftfarið á þeim grundvelli.
2. Til þess að nota loftfar á leigugrundvelli í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar skal þess einnig krafist að flugrekendur með tilskilin leyfi uppfylli þau skilyrði sem mælt er fyrir um í lögum og reglum sem samningsaðilarnir beita almennt að því er varðar rekstur alþjóðlegrar flugþjónustu.

13. gr.

Flugafgreiðsla.

Sérhver flugrekandi með tilskilin leyfi skal, með fyrirvara um lög og reglur hvors samningsaðila um sig, hafa rétt til að sjá um rekstur eigin flugafgreiðslu á yferráðasvæði hins samningsaðilans („eigin afgreiðsla“) eða, að eigin vali, rétt til að velja úr hópi þeirra sem keppa um að bjóða fram flugafgreiðslu að hluta eða að öllu leyti. Takmarki eða útiloki fyrrnefnd lög og reglur eigin afgreiðslu og sé engin virk samkeppni milli þjónustuveitenda á sviði flugafgreiðslu skal sérhver flugrekandi með tilskilin leyfi hafa, án mismununar, aðgang að eigin afgreiðslu og þjónustu á sviði flugafgreiðslu sem þjónustuveitandi eða þjónustuveitendur bjóða fram.

14. gr.

Yfirfærsla tekna.

Sérhver flugrekandi með tilskilin leyfi má, þegar þess er krafist, skipta tekjum, sem aflað er og eru umfram fjárhæðir á staðnum sem þar eru greiddar, í annan gjaldmiðil og yfirfæra til lands að eigin vali. Heimila skal þegar í stað gjaldeyrisskipti og yfirfærslu slíkra tekna án takmarkana á því gengi sem gildir þegar umræddar tekjur eru lagðar fram til gjaldeyrisskipta og yfirfærslu og skulu þau ekki vera gjaldskyld umfram venjuleg gjöld sem bankar eða aðrar fjármálastofnanir taka fyrir slík gjaldeyrisskipti og yfirfærslur.

15. gr.

Fulltrúar flugrekenda og sala.

Flugrekandi með tilskilin leyfi getur:

- a) í samræmi við lög og reglur hins samningsaðilans um komu, búsetu og atvinnu flutt inn og haft á yfirráðasvæði hins samningsaðilans starfsmenn sem vinna við stjórnun, tækniþjónustu og rekstur og aðra sérhæfða starfsmenn sem flugrekandinn telur að líta megi á sem nauðsynlega til þess að unnt sé að veita alþjóðlega flugþjónustu,
- b) nýtt sér þjónustu og starfsfólk annarrar stofnunar, félags eða flugrekanda sem stundar rekstur á yfirráðasvæði hins samningsaðilans,
- c) opnað skrifstofur á yfirráðasvæði hins samningsaðilans og
- d) selt og markaðssett alþjóðlega flugþjónustu og stoðþjónustu á yfirráðasvæði hins samningsaðilans, annaðhvort með beinum hætti eða fyrir milligöngu umboðsaðila eða milliliða sem flugrekandinn tilnefnir. Flugrekandinn getur selt og hverjum sem er skal frjálst að kaupa þá flutninga og stoðþjónustu með gjaldmiðli viðkomandi lands eða öðrum auðskiptanlegum gjaldmiðli.

16. gr.

Notendagjöld.

1. Notendagjöld, sem lögbærum yfirvöldum eða stofnunum hvors samningsaðila um sig er heimilt að leggja á flugrekendur hins samningsaðilans, skulu vera réttlát, sanngjörn, ekki mismuna á óréttmætan hátt og þeim skal skipt jafnt á milli notendaflokka. Slík notendagjöld skulu lögð á flugrekendur hins samningsaðilans með skilmálum sem eru ekki óhagstæðari en hagstæðustu skilmálar sem bjóðast öðrum flugrekendum á þeim tíma sem gjöldin eru lögð á.
2. Notendagjöld, sem lögð eru á flugrekendur hins samningsaðilans, mega endurspegla, en ekki fara yfir, þann heildarkostnað sem lögbær yfirvöld eða stofnanir fyrri samningsaðilans hafa af því að láta í té viðeigandi en þó ekki óhóflega aðstöðu og þjónustu á flugvöllum, vegna umhverfisverndar flugvalla, flugleiðsögu og flugverndar á viðkomandi flugvelli eða innan viðkomandi flugvallarkerfis. Gjöldin geta falið í sér hæfilegan arð af eignum. Aðstaða og þjónusta, sem gjöldin eru greidd fyrir, skulu láttnar í té með skilvirkum og hagkvæmum hætti.
3. Hvor samningsaðili um sig skal gera sitt ítrasta til að tryggja að fram fari samráð milli lögbærra yfirvalda eða stofnana á yfirráðasvæði þeirra og þeirra flugrekenda sem nota þjónustu og aðstöðu og að fyrrnefnd yfirvöld eða stofnanir og flugrekendur skiptist á upplýsingum sem kunna að vera nauðsynlegar til að unnt sé að skoða nákvæmlega réttmæti gjaldanna í samræmi við meginreglurnar í 1. og 2. mgr. þessarar greinar. Hvor samningsaðili um sig skal gera sitt ítrasta til að tryggja að lögbær yfirvöld láti notendum í té tillögur að breytingum á notendagjöldum með hæfilegum fyrirvara til að gera þeim kleift að láta álit sitt í ljós áður en af breytingum verður.
4. Hvorugur samningsaðilanna skal teljast hafa brotið gegn ákvæði þessarar greinar nema:
 - a) hann hafi látið hjá líða að endurskoða eða að fá óháðan aðila til að endurskoða, innan hæfilegs tíma, gjöld eða framkvæmd sem hinn samningsaðilinn hefur gert að umkvörtunarefni eða
 - b) hann hafi látið hjá líða, í kjölfar slíkrar endurskoðunar, að gera allar ráðstafanir, sem í hans valdi eru, til að leiðrétta gjöld eða ráða bót á framkvæmd sem samrýmist ekki þessari grein.

17. gr.

Samþættir flutningar.

Flugrekendur hvors samningsaðila um sig skulu hafa heimild til nota, í tengslum við alþjóðlega flugþjónustu, hvers kyns samþætta flutninga til og frá stöðum á yfirráðasvæðum samningsaðilanna eða þriðju landa. Flugrekendur geta kosið að sjá sjálfir um samþætta flutninga eða sjá fyrir slíkum flutningum með því að gera samkomulag um þá, m.a. um sameiginleg flugnúmer, við aðra flutningsaðila. Þjóða má slíka samþætta flutninga sem þjónustu á leiðarenda og á heildarverði fyrir bæði flutninga í lofti og samþætta flutninga, að því tilskildu að farþegar og sendendur séu upplýstir um viðkomandi flutningsaðila.

18. gr.

Umhverfisvernd.

1. Samningsaðilarnir styðja við nauðsyn þess að vernda umhverfið með því að efla sjálfbæra þróun í flugi.
2. Þegar ráðstöfunum í umhverfismálum er komið á skal fylgja þeim umhverfisstöðlum vegna flugs sem Alþjóðaflugmálastofnunin hefur samþykkt í viðaukum við Chicago-samninginn nema frávik hafi verið skráð.
3. Ekki skal líta svo á að neitt í þessum samningi takmarki heimild lögbærra yfirvalda samningsaðila til að gera allar viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða takast á annan hátt á við umhverfisáhrif af flugþjónustu, að því tilskildu að slíkar ráðstafanir sé í fullu samræmi við réttindi þeirra og skyldur samkvæmt alþjóðalögum og sé beitt án tillits til ríkisfangs.

19. gr.

Samráð.

Hvor samningsaðili sem er getur hvenær sem er farið fram á samráð um framkvæmd, túlkun eða beitingu samnings þessa eða breytingar á honum í samræmi við samninginn. Samráðið, sem getur farið fram milli flugmálafyrivalda, skal hefjast innan 60 daga frá þeim degi þegar hinn samningsaðilinn veitir skriflegri beiðni viðtöku nema samningsaðilarnir komi sér saman um annað.

20. gr.

Lausn deilumála.

1. Komi upp deilur milli samningsaðilanna um túlkun eða beitingu þessa samnings skulu þeir fyrst leitast við að leysa þær með samningaviðræðum.
2. Nái samningsaðilar ekki að leysa deiluna með samningaviðræðum geta þeir vísað henni til aðila eða stofnunar sem þeir kunna að sammælast um eða, að beiðni samningsaðila, vísað deilunni til úrskurðar dóms sem þrír gerðarmenn skipa og stofnaður er lögformlega með eftirfarandi hætti:
 - a) hvor samningsaðili um sig skal skipa einn gerðarmann innan 30 daga frá móttökudegi beiðni um gerðardómsmeðferð. Gerðarmennirnir tveir skulu, innan 60 daga frá því að sá síðari er skipaður, koma sér saman um að skipa ríkisborgara þriðja ríkis sem þriðja gerðarmanninn og skal sá sitja í forsæti dómsins;
 - b) samningsaðili getur, hafi ekki verið gengið frá skipun innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru hér að framan, farið þess á leit við forseta Alþjóðadómstólsins að hann annist þá skipun sem nauðsynleg er innan 30 daga. Ef forsetinn hefur ríkisfang hjá öðrum samningsaðilanum skal varaforsetinn annast skipunina. Ef varaforsetinn er ríkisborgari annars hvors samningsaðilans skal þess farið á leit við þann dómara Alþjóðadómstólsins, sem gengur næst að starfsaldri og ekki er ríkisborgari annars hvors samningsaðilans, að hann annist skipunina.
3. Gerðardómurinn skal, með fyrirvara um ákvæði þessarar greinar hér á eftir eða ákvörðun samningsaðilanna um annað, ákvarða hver lögsaga hans er og setja sér starfsreglur. Halda ber þing, að fyrir mælum dómsins eða að beiðni annars hvors samningsaðilanna og eigi síðar en 30 dögum eftir að dómurinn er fullskipaður, til að ákvarða nákvæmlega í hvaða málum eigi að úrskurða og hvaða tiltekinni málsmeðferð beri að fylgja.
4. Hvor samningsaðili um sig skal leggja fram greinargerð innan 45 daga frá því að dómurinn er fullskipaður nema samningsaðilarnir komi sér saman um eða dómurinn fyrirskipi annað. Hvor

samningsaðili um sig getur borið fram svar innan 60 daga frá því að greinargerð hins samningsaðilans er lögð fram. Dómurinn skal efna til skýrslutöku, að beiðni samningsaðila eða að eigin ákvörðun, innan 30 daga frá því að svör eiga að hafa borist.

5. Dómurinn skal leitast við að leggja fram skriflegan úrskurð innan 30 daga frá því að skýrslutöku er lokið eða, ef ekki er um skýrslutöku að ræða, innan 30 daga frá því að svör beggja samningsaðila hafa verið borin fram. Meirihluti atkvæða ræður niðurstöðu gerðardóms.
6. Samningsaðilar geta óskað eftir skýringum á úrskurði dómsins innan 15 daga frá því að honum er veitt viðtaka og skulu skýringar gefnar innan 15 daga frá því að beiðni þess efnis er lögð fram.
7. Úrskurður gerðardómsins skal vera endanlegur og bindandi fyrir samningsaðilana.
8. Hvor samningsaðili um sig skal bera kostnað vegna þess gerðarmanns sem hann skipar. Öðrum útgjöldum dómsins skal skipta jafnt á milli samningsaðilanna, m.a. útgjöldum sem forseti, varaforseti eða dómari við Alþjóðadómstóllinn stofnar til vegna þeirrar málsmeðferðar er um getur í b-lið 2. mgr. þessarar greinar.

21. gr.

Breytingar.

Samningsaðilarnir skulu samþykkja að gera breytingar á þessum samningi með orðsendingaskiptum.

22. gr.

Skráning hjá Alþjóðaflugmálastofnuninni.

Senda skal Alþjóðaflugmálastofnuninni þennan samning og breytingar á honum til skráningar.

23. gr.

Uppsögn.

Samningsaðili getur, hvenær sem er, tilkynnt hinum samningsaðilanum skriflega um þá ákvörðun sína að segja þessum samningi upp. Senda skal Alþjóðaflugmálastofnuninni slíka tilkynningu á sama tíma. Samningur þessi fellur úr gildi (á viðtökustað tilkynningarinnar) á miðnætti aðfaranótt þess dags þegar ár er liðið frá þeim degi þegar hinn samningsaðilinn veitti tilkynningunni viðtöku nema tilkynningin sé dregin til baka með samkomulagi áður en sá tími er liðinn. Staðfesti hinn samningsaðilinn ekki móttöku skal litið svo á að tilkynningunni hafi verið veitt viðtaka 14 dögum eftir að Alþjóðaflugmálastofnunin tekur við henni.

24. gr.

Gildistaka.

1. Samningur þessi öðlast gildi á þeim degi sem ber upp síðar:
 - a) þegar EES-samningurinn hættir að gilda um Bretland og
 - b) þegar seinni tilkynningin berst þar sem samningsaðilarnir tilkynna hvor öðrum um að þeir hafi uppfyllt lagaskilyrði sín og lokið málsmeðferð.
2. Samningur þessi gengur framur samningi ríkisstjórnar Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands og ríkisstjórnar Íslands um flugþjónustu milli yfirráðasvæða hvorrar um sig og áfram frá þeim, sem var undirritaður 14. júní 1972.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

Gjört í London og Reykjavík 9. desember og 16. desember 2020 í tveimur frumritum á ensku og íslensku og eru báðir textarnir jafngildir.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands:

Guðlaugur Þór Þórðarsson

Fyrir hönd ríkisstjórnar Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands:

Robert Courts MP

VIÐAUKI
Leiðaskrá

1. þáttur

Leiðir sem flugrekandi eða flugrekendur Bretlands með tilskilin leyfi munu starfa á:
Komustaðir á, brottfararstaðir frá og staðir innan yfirráðasvæðis Íslands.

ATHUGASEMDIR:

1. Með fyrirvara um samkomulag sem flugmálayfirvöld samningsaðilanna kunna að ákveða í sameiningu að gera með sér öðru hverju má sækja farþega og vörur (m.a. hvers kyns farþega og vörur í viðdvöl):
 - a) á stað á yfirráðasvæði Bretlands og flytja til staðar á yfirráðasvæði Íslands og öfugt,
 - b) á stað utan yfirráðasvæðis Bretlands og flytja til staðar á yfirráðasvæði Íslands og öfugt,
 - c) á stað á yfirráðasvæði Íslands og flytja til annars staðar á yfirráðasvæði Íslands.

2. þáttur

Leiðir sem flugrekandi eða flugrekendur Íslands með tilskilin leyfi munu starfa á:
Komustaðir á, brottfararstaðir frá og staðir innan yfirráðasvæðis Bretlands.

ATHUGASEMDIR:

1. Með fyrirvara um samkomulag sem flugmálayfirvöld samningsaðilanna kunna að ákveða í sameiningu að gera með sér öðru hverju má sækja farþega og vörur (m.a. hvers kyns farþega og vörur í viðdvöl):
 - a) á stað á yfirráðasvæði Íslands og flytja til staðar á yfirráðasvæði Bretlands og öfugt,
 - b) á stað utan yfirráðasvæðis Íslands og flytja til staðar á yfirráðasvæði Bretlands og öfugt,
 - c) á stað á yfirráðasvæði Bretlands og flytja til annars staðar á yfirráðasvæði Bretlands.

AGREEMENT
BETWEEN THE GOVERNMENT OF ICELAND AND THE GOVERNMENT
OF THE UNITED KINGDOM OF GREAT BRITAIN AND
NORTHERN IRELAND
CONCERNING AIR SERVICES

The Government of Iceland ("Iceland") and Government the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland ("the United Kingdom") hereinafter referred to as the "Contracting Parties";

Being parties to the Convention on International Civil Aviation opened for signature at Chicago on 7 December 1944;

Desiring to conclude an agreement supplementary to the said Convention for the purpose of establishing air services between and beyond their respective territories;

Have agreed as follows:

ARTICLE 1

Definitions

For the purpose of this Agreement, unless the context otherwise requires, the term:

- a) "aeronautical authority" means in the case of the United Kingdom, the Secretary of State for Transport and, for the purpose of Article 7 (Prices) of this Agreement, the Civil Aviation Authority, and in the case of Iceland, the Ministry of Transport and Local Government, or, in both cases, any person or body who may be authorised to perform any functions at present exercisable by the above-mentioned authority or similar functions;
- b) "this Agreement" includes the Annex hereto and any amendments to it or to this Agreement;
- c) "Air Operator's Certificate" means a document issued to an airline which affirms that the airline in question has the professional ability and organisation to secure the safe operation of aircraft for the aviation activities specified in the certificate;
- d) "international air service", "airline" and "stop for non-traffic purposes" have the meanings respectively assigned to them in Article 96 of the Chicago Convention;
- e) "authorised airline" means an airline which has been authorised in accordance with Article 4 (Authorisation) of this Agreement;
- f) "the Chicago Convention" means the Convention on International Civil Aviation, opened for signature at Chicago on 7 December 1944 and includes: (i) any amendment thereof which has been ratified by both Contracting Parties; and (ii) any Annex or any amendment thereto adopted under Article 90 of that Convention, insofar as such amendment or annex is at any given time effective for both Contracting Parties;
